

Miðvikudaginn 20. nóvember 1985.

Nr. 124/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Snorra Norðfjörð Haraldssyni

(Kristinn Gunnarsson hrl.)

Tolllagabrot. Hlutdeild. Eignarupptaka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var með stefnu 10. maí 1985 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða og að því er hann einan varðar, en meðákærðu í héraði óskuðu eigi áfrýjunar. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 9. ágúst sl.

Ákærði tók að sér að beiðni meðákærða í héraði, A, að koma fyrir tækjum þeim, sem A hafði flutt um borð í skipið. A fór sjálfur eigi til Íslands með skipinu, og verður að líta svo á, að varan hafi verið í umsjá ákærða á leiðinni og að honum hafi borið skylda til að annast um, að hún yrði tollafgreidd með löglegum hætti. Með því að láta það undir höfuð leggjast þykir ákærði því hafa brotið gegn 1. mgr. 60. gr. laga nr. 59/1969, sbr. 2. mgr. 62. gr. sömu laga, og ber samkvæmt 1. mgr. 61. gr. sömu laga að dæma honum refsingu, er þykir hæfilega ákveðin 15.000,00 króna sekt og vara-refsing sektar 15 daga varðhald.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað að því er ákærða varðar. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Snorri Norðfjörð Haraldsson, greiði 15.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristins Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Ákærði, sem var 1. stýrimaður á skipinu, hefur skýrt svo frá, að A, framkvæmdastjóri Ingimundar h/f, hafi komið með tækin um borð, daginn sem lagt var úr höfn í Vestnes, og sagt við sig: „Þú gengur frá þessu fyrir mig, og passar að þetta skemmist ekki“, eða eitthvað í þá áttina. Kveðst ákærði ekki hafa skilið þetta svo, að hann ætti að fela tækin, heldur einungis ganga tryggilega frá þeim, svo þau yrðu ekki fyrir hnjaski á leiðinni heim. Hann hafi ekki talið sig eiga að gera grein fyrir tækjunum við komu til Íslands og talið A sjálfan mundu gera það. Ákærði kveðst hafa komið tækjunum fyrir, þar sem hann taldi þau örugg. Hann kveður sér ekki hafa verið kunnugt um, að ætlunin væri að smygla tækjum þessum til Íslands, og ekkert hafi verið um það rætt.

A skýrði tollgæslunni svo frá, að hann hafi ætlað að biðja ákærða að sjá um tollafgreiðslu tækjanna, en hann hefði gleymt því.

Ekki eru komin fram gögn um það, að ákærði hafi haft önnur afskipti af hljómflytningstækjunum en að setja þau á þá geymslu-staði, sem frá er sagt í héraðsdómi. Varhugavert þykir að staðhæfa, að hann hafi valið staðina í því skyni að leynd þeim fyrir tollgæslumönnum. Verður því ekki á það fallist, að ákærði hafi staðið að smygli með þessum athöfnum. Svo sem atvikum háttar í málinu, verður heldur ekki talið, að ákærði hafi unnið til refsingar vegna vanrækslu á starfsskyldum sínum. Honum verður ekki gefin sök á því, að hann hugði útgerðarmanninn mundu fara eftir réttum reglum um tollmeðferð innflutningsins. Af gögnum máls verður heldur ekki ráðið, að aðstæður bentu til annars. Vörurnar bar að setja á skrár samkvæmt 8. tl. 21. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit.

Samkvæmt framanrituðu tel ég, að sýkna beri ákærða af kröfum

ákærvalds í málinu og leggja sakarkostnað í héraði að því er ákærða varðar og áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð. Málsvarnarlaun verjanda ákærða tel ég hæfilega ákveðin í atkvæði meiri hluta dómara.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. nóvember 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 22. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómsmála, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 537-539/1984: Ákærvaldið gegn A, Snorra Norðfjörð Haraldssyni og B, sem tekið var til dóms 14. þ.m.

Málið er höfðað með ákærskjali ríkissaksóknara, dagsettu 17. júlí 1984, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur A, Snorra Norðfjörð Haraldssyni, stýrimanni, Víkurbraut 3, Sandgerði, fæddum 9. mars 1945 á Akureyri, og B, fyrir að hafa sameiginlega staðið að smygli á tveimur hljómflytnings-tækjasamstæðum (2 stk Silver Hi Fi Sterio System SS 170 og 4 Saroy SR 3390 XS hátölurum) við komu b/v Helgu II RE 373 til Reykjavíkur 10. október 1982 frá Noregi, en ákærði A annaðist kaup tækjanna þar og kom þeim um borð í skipið og ákærðu Snorri og B sáu um frágang þeirra og vörslu um borð í skipinu, þar sem tollverðir fundu tækin falin eftir komu skipsins til hafnar í umrætt sinn.

Telst þetta varða við 60. gr., sbr. 61. og 71. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59, 1969, sbr. 2. gr. laga nr. 71, 1976, sbr. nú 9. gr. laga nr. 46, 1984, sbr. reglugerð nr. 356, 1982, sbr. nú reglugerð nr. 313, 1983.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og ákærði A til að sæta upptöku framangreindra hljómflytnings-tækja samkvæmt heimild í 1. mgr. 72. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.“

— — —

Málavextir.

Samkvæmt skýrslu tollgæslunnar fundust 2 stk. Silver Hi Fi sterio system SS 170 og 4 stk. hátalarar Saroy SR 3390 XS um borð í v/b Helgu II á ytri höfninni í Reykjavík þann 10. október 1982, en báturinn kom þá frá Vestnes í Noregi. Varningur þessi var ekki á lista yfir farm skipsins og ekki gefinn upp við tollyfirvöld. Hann fannst í klefa ákærða B að hluta og í klefa ákærða A, sem var auður, enda kom sá ákærði ekki með skipinu. Hann reyndist síðan eigandi varningsins eða umráðamaður.

Ákærði B hefur lýst því yfir bæði hjá RLR og fyrir dómi, að honum hafi verið allsendis ókunnugt um varning þennan, fyrr en komið var út á sjó, en þá fékk hann skýringu á tilvist hans hjá ákærða Snorra Norðfjörð

Haraldssyni. Talið verður, að ákærða B hafi ekki borið skylda til að afhafast neitt frekar, sem leitt hefði til þess, að varningurinn yrði gefinn upp við tollyfirvöld. Hann verður því sýknaður af ákærinni.

Ákærði A er framkvæmdastjóri útgerðarfyrirtækisins Ingimundar hf., sem á skipið og varninginn líka að sögn ákærða. Hann var því sá aðili, er fyrst og fremst bar skylda til að sjá um, að varan yrði gefin upp við tollyfirvöld. Að mati dómsins er því sök hans sönnuð, og varðar brotið við 1. mgr. 60. gr. laga um tollheimtu og tollfirtlit nr. 59, 1969, en varningurinn fer fram úr því magni, sem heimilað er með reglugerð nr. 313, 1983, áður nr. 356, 1982.

Ákærði Snorri Norðfjörð Haraldsson sá um að koma vörunni fyrir um borð í skipinu að beiðni ákærða A. Honum var kunnugt um, að eigandi tækjanna eða umráðamaður var ekki með skipinu. Honum bar því skylda til sem yfirmanni að sjá svo um, að tækin væru gefin upp við tollyfirvöld eða að gera öðrum kosti skipstjóra viðvart um þau. Þessi vanræksla hans varðar við 4. mgr. 60. gr. fyrrgreindra laga.

Refsing ákærðu er með hliðsjón af 61. gr. sömu laga talin hæfileg hjá ákærða A sekt kr. 15.000,00 og hjá ákærða Snorra Norðfjörð Haraldssyni kr. 8.000,00. Verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu, kemur varðhald í stað sektar, 15 dagar hjá ákærða A og 8 dagar hjá Snorra.

Þá skulu upptæk vera til ríkissjóðs tvær hljómflutningssamstæður, þ.e. tvö hljómflutningstæki og fjórir hátalarar, en það er fyrrnefnd vara, sem hald var lagt á.

Málflutningslaun Kristins Gunnarssonar hrl., skipaðs verjanda ákærðu B og Snorra Norðfjörð Haraldssonar, kr. 14.000,00, skulu að hálfu greidd úr ríkissjóði, en hinn helmingurinn greiði ákærði Snorri Norðfjörð Haraldsson einn. Annan sakarkostnað greiði ákærðu, A og Snorri Norðfjörð Haraldsson óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði A greiði 15.000 króna sekt og ákærði Snorri Norðfjörð Haraldsson 8.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í stað sektar, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu, 15 dagar hjá ákærða A og 8 dagar hjá ákærða Snorra Norðfjörð.

Ákærði B er sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Upptæk skulu vera til ríkissjóðs tvær hljómflutningssamstæður, þ.e. tvö hljómflutningstæki og fjórir hátalarar, sem hald var lagt á við rannsókn málsins.

Málflutningslaun Kristins Gunnarssonar hrl., skipaðs verjanda ákærðu Snorra Norðfjörð Haraldssonar og B, kr. 14.000,00 skulu af hálfu greidd úr ríkissjóði, en hinn helminginn greiði ákærði Snorri

Norðfjörð einn. Annan sakarkostnað greiði ákærðu A og Snorri Norðfjörð Haraldsson óskipt.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. nóvember 1985.

Nr. 190/1985. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Ómari Sveinssyni

(Jón Hjaltason hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Sakhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 31. júlí 1985 að ósk ákærða og af ákærvaldsins hálfu til þyngingar, en frá þeirri kröfu hefur verið fallið við flutning málsins fyrir Hæstarétti. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 1. þ.m.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð endurrit af dómum sakadóms Vestmannaeyja í málum ákærvaldsins gegn ákærða, uppkveðnum 29. desember 1982 og 30. mars 1984. Af þeim kemur fram, að ákærði sætti geðrannsókn í sambandi við fyrra málið, og er í dómunum reifuð skýrsla Lárusar Helgasonar yfirlæknis um rannsóknina. Í skýrslunni kemur fram, að ákærði þjáist af skemmdum í miðtaugakerfi, sem leitt hafa til truflunar á andlegu og líkamlegu heilsufari hans. Er hann álitinn á mörkum sakhæfis og ekki talið, að refsing muni bera árangur. Tekið er fram, að refsivist kynni að hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir ákærða.

Í dómum þessum var dæmt, að ákærði væri sakhæfur, og við það er einnig miðað í hinum áfrýjaða dómi.

Með því að vera ölvaður við akstur bifreiðar hefur ákærði, þegar litið er til alkóhóls. sem mældist í blóði hans, brotið gegn 2., sbr.